

27

21. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 1. málsg. 2. gr. laganna komi fjórar nýjar málsgreinar, svo hljóðandi: Þeir eiga rétt á ótakmörkuðu lækningaleyfi og að heita lækna, er lokið hafa prófi við Háskóla Íslands og framhaldsnámi í sjúkrahúsi í fæðingarráðgjafi og öðru, eftir reglum, sem læknaeild háskólans setur og ráðherra staðfestir.

Framhaldsnámi þessu skal lokið hér á landi eða erlendis við sjúkrahús, sem fullnægir skilyrðum til þess að dómi heilbrigðisstjórnar, að fengnum tillögum læknaeildar háskólans.

Kandidatar skulu við framhaldsnámið hafa almenn lögkjör opinberra starfsmanna. Þeir skulu taka hámarkslaun samkvæmt 8. fl. launalaga.

Þeir einir geta hlotið lækningaleyfi, sem eru íslenskir ríkisborgarar og hafa ekki verið dæmdir til refsingar fyrir athæfi, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, hafa ekki verið sviptir lækningaleyfi samkvæmt lögum þessum, enda mæli læknaeildin og landlæknir með leyfisveitingunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. maí 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

28

23. maí

L Ö G

um veitingu ríkisborgararéttar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgarétt skulu öðlast:

1. Andersen, Villum Aage, verkamaður í Reykjavík, f. í Danmörku 20. júlí 1924.
2. Anna Pálína Jónsdóttir, húsmóðir, Sauðhúsum í Dalasýslu, f. í Færeyjum 14. okt. 1929.
3. Berg, Malena Eline, húsmóðir á Fáskrúðsfirði, f. 30. sept. 1921 í Færeyjum.
4. Boeskov, Johanne Cecilie, húsmóðir í Hafnarfirði, fædd á Íslandi 12. júlí 1932.
5. Buhl, Kristian, fjósameistari á Akureyri, f. í Danmörku 13. júní 1930.